1.

# Könnum heimildir

**Heimild** er ekki sama og heimild. Ef það er hlekkur sem fylgir svarinu er mikilvægt að kanna áreiðanleika hans.



2.

# Förum fram á heimildir

Ef gervigreindin lætur heimildir ekki fylgja skulum við biðja um þær.





3.

## Sá sem er á myndinni þarf að gefa leyfi

Góða regla er að þegar við tökum eða deilum myndum er að: **það er einstaklingurinn sem er á myndinni sem þarf að gefa samþykki.**



4.

## Gerðu verkið að þínu eigin

Lögum textann sem gervigreindin skapar fyrir okkur. **Þín skoðun og sköpun skiptir máli.**

5.

## Láttu gervigreindina spyrja þig

Það getur verið gagnlegt að biðja gervigreindina um að spyrja okkur spurninga til baka um viðfangsefnið. Bæði til að **fá okkur til hugsa og til að skapa samtal um uppbygginguna á verkinu**.



6.

## Upplýsingaverksmiðja en ekki greind

Gott er að hugsa um gervigreindarmálllíkön sem **upplýsingaverksmiðjur** frekar en greind. Verksmiðjan fjöldaframleiðir upplýsingarvörur: texti, tölvukóðar og myndir – Magnús Smári

7.

## Staður og stund

Veltum fyrir okkur **hvaða verkefni við ætlum að leysa sjálf** og hvað við viljum að gervigreindin leysi. Hvar þurfum við sköpun og hvar þurfum við fjöldaframleiðslu?

8.

## Tölum líka við fólk

Gervigreindin getur verið góður staður til að koma einhverju frá sér. Stundum fer spjallið á slíka dýpt að eins og um besta vin sé að ræða. **Höfum bakvið eyrað að gervigreindin er ekki manneskja**. Það er gott að tala líka við fólk, sérstaklega um erfið mál.

9.

## Góðar hugmyndir taka tíma

**Heilinn okkar er hannaður til að hugsa** en ekki til að vera mataður af upplýsingum. Hlaupum ekki alltaf beint í gervigreindina eftir svörum. Gefum okkur líka svigrúm til að hugsa og leysa málið.



10.

## Stattu með sjálfum þér

Þín skoðun skiptir máli. Verum ekki hrædd við að taka ákvarðanir. **Þú ert frábær eins og þú ert!** Láttu ekki gervigreind eða manneskju segja þér neitt annað.

1. Könnum heimildir
2. Förum fram á heimildir
3. Sá sem er á myndinni þarf að gefa leyfi
4. Gerðu verkið að þínu eigin
5. Láttu gervigreindina spyrja þig
6. Upplýsingaverksmiðja en ekki gervigreind
7. Staður og stund
8. Tölum líka við fólk
9. Góðar hugmyndir taka tíma
10. Stattu með sjálfum þér

GERVI GREINDAR + LÆSI